

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkt að setja eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum. Auglýsingin hefur fengið samþykki frá lögreglustjóranum Vestmannaeyja:

1. Að umferð um Áshamar hafi forgang gagnvart umferð frá botnlangagötum við Áshamar og að sá forgangur verði merktur með viðeigandi umferðarmerki (biðskylda) í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að umferð um Foldahraun hafi forgang gagnvart umferð frá botnlangagötum við Foldahraun og að sá forgangur verði merktur með viðeigandi umferðarmerki (biðskylda) í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að umferð eftir Brimhólabraut hafi forgang gagnvart umferð eftir Hraunslóð og að sá forgangur verði merktur með viðeigandi umferðarmerki (stöðvunarskylda) og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
4. Að gönguþverun yfir Bessahraun í framhaldi af göngustíg að íþróttasvæði verði merkt sem gangbraut með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að gönguþverun yfir Hamarsveg við innkeyrslu að Golfskálanum verði merkt sem gangbraut með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
6. Að hámarks hraði við eftirtaldar götur verði 30 km/klst.: Austurveg, Fífilgötu, Heimagötu, Sólhlíð og Vestmannabraut, frá Heimagötu að Kirkjuvegi.

F.h. Vestmannaeyjabæjar, 6. október 2020,

Sigurður Smári Benónýsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2020